



## Þjóðskrá

Alþingi  
Erindi nr. P 138/603  
komudagur 9. 12. 2009

9. desember 2009

Viðbót við umsögn um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur (heildarlög), 112. mál.

Í svari Þjóðskrár til allsherjarnefndar í gær vegna frumvarps til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur láðist að geta þess, við athugasemd við 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, að yrði þjóðaratkvæðagreiðsla haldin samhliða kosningu til Alþingis yrðu kjörskrár samkvæmt 2. gr. frumvarpsins miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag en samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 er viðmiðunardagurinn fimm vikur. Þá gætu mörk Reykjavíkurborgarmanna orðið önnur í þessum kosningum.

Fyrir kjósendur býddi þetta að þeir sem flyttu lögheimili sitt á milli þessara tímamarka yrðu að kjósa á tveimur stöðum. Sama gildi ef kjördæmamörkin breyttust vegna alþingiskosninganna, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 24/2000. Þessi vandi kemur ekki upp við forsetakjör, sbr. 1. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 (viðmiðunardagur kjörskrár þrjár vikur). Sama gildir við sveitarstjórnarkosningar, sbr. 5. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 (viðmiðunardagur kjörskrár þrjár vikur).

Þennan vanda má leysa með því að bæta við nýjum málslíði við 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins sem gæti orðast þannig: „Verði þjóðaratkvæðagreiðsla samhliða kosningu til Alþingis gilda ekki ákvæði 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr. laganna.“

F. h. r.

Skúli Guðmundsson  
skrifstofustjóri

